

## Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 10. maí 2024

### Fundargerð

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 2024 var haldinn að Laufásvegi 40 föstudaginn 10. maí kl. 16:00.

Mættir voru: Bergrún Snæbjörnsdóttir, Bergur Þórisson, Bragi Valdimar Skúlason, Edda Borg Ólafsdóttir, Eðvarð Egilsson, Eyþór Gunnarsson, Halldór Smáráson, Hallur Ingólfsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Hrafnkell Pálmarsson, Logi Pedro Stefánsson, Magnús Jóhann Ragnarsson, María Huld Markan, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Samúel J. Samúelsson, Sigurður Flosason, Sóley Stefánsdóttir, Steinar Baldursson og Þuríður Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi samtakanna.

Formaður fulltrúaráðs, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, setti fundinn og stýrði honum. Bauð hann viðstadda velkomna og óskaði nýkjörnu fulltrúaráði til hamingju með kjörið.

Allir viðstaddir kynntu sig, en tíu nýir aðilar komu inn í ráðið í nýafstöðnum kosningum.

Formaður gerði grein fyrir fundarboði. Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 12. apríl 2024, auk þess sem haft var samband við fulltrúaráðið ítrekað í kjölfarið með sendingum á hinum ýmsu fundargögnum.

Formaður lýsti eftir athugasemdum við fundarboðun. Enginn athugasemd kom fram.

Allir meðlimir ráðsins voru mættir á fundinn og var þannig fullnægt skilyrðum samþykta STEFs um lágmarksmætingu. Lýsti fundarstjóri því fundinn löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum lágu.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Fundarstjóri minntist fallinna félaga sem létust á síðasta ári, en það voru þeir Árni Johnsen, Björgvin Gíslason, Hjörtur Howser, Jónas Friðrik Guðnason og Páll Pampichler Pálsson.

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu minntist hún m.a. á mikla vinnu STEFs í kringum verðskrár, en ný verðskrá var gefin út fyrir trú- og lífsskoðunarfélög, fyrir hljóðvarp- og sjónvarp (sem gefin var út í kjölfarið á samningi við RÚV), nýja verðskrá dansskóla og er nú unnið í nýrri verðskrá fyrir sveitarfélög.

Þá sagði hún að íslenski tónlistargeirinn væri að breytast með tilkomu innlendra tónlistarforleggjara og hefði stjórn STEFs ákveðið að skerpa á nokkrum atriðum í samþykktum STEFs vegna tilkomu forleggjara sem meðlima STEFs.

Þá sagði Guðrún Björk frá því að á starfsárinu verði í fyrsta sinn gerð áhugaverð könnun um vörumerkjavitund STEFs og í framhaldinu fór STEF í átak á samfélagsmiðlum þar sem birt voru 12 mismunandi myndbönd með meðlimum STEFs, auk skilaboða frá þeim. Verður nú farið í aðra könnun til að skoða hvort átakið hafi haft einhver áhrif á vörumerkjavitundina.

Að lokum þakkaði framkvæmdastjóri fyrir gott samstarf við stjórn og starfsfólk á liðnu ári, en rekstrarárangur eins og sá sem náðist á sl. ári er langt í frá sjálfsgður.

2. Bragi Valdimar, formaður stjórnar, tók einnig til máls að lokinni skýrslu stjórnar STEFs og þakkaði sérstaklega starfsfólki STEFs fyrir vinnu sína og ítrekaði mikilvægi starfs fulltrúaráðsins. Áskoranir framundan taldi hann fjölmargar og skrytnir tímar sem við lifum á, sérstaklega hvað varðar „framleiðandi gervigreind“, sem spýtir út úr sér verkum. Nefndi hann að hugsanlega gætu samtök eins og IHM, sem eru að skipta tekjum meðal ólíkra hópa höfunda, komið þar að góðum notum með að útdeila tekjum frá gervigreindarfyrirtækjum, takist á annað borð að gera við slík fyrirtæki leyfissamninga. Þá nefndi hann einnig sérstaklega stöðu lagahöfunda í Söngvakeppni RÚV. Þar virðist vera vafi hver sé sigurvegarinn; flytjandinn eða lagahöfundurinn og í raun ótrúlegt hversu litla athygli höfundurinn hlýtur. Bragi fagnaði sérstaklega nýjum samningi við RÚV, en taldi jafnframt nauðsynlegt að hafa slíkar stofnanir með okkur í liði.
3. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2023. Fyrir fundinn hafði áritaður ársreikningur verið sendur út til fulltrúaráðsins. Var ársreikningurinn samþykktur og áritaður af stjórn þann 7. maí og skoðunarmenn höfðu einnig staðfest hann.

Helstu lykiltölur úr rekstri STEFs á árinu 2023 er þær, að tekjur námu 1.224,9 millj. kr. (2022: 1.076,6 millj. kr.) og hækkuðu því um 148,3 millj. kr. milli ára, eða um 13,8%. Hreinar tekjur ársins 2023 námu 1.035,8 millj. kr. (2022: 868,5 millj. kr.). Heildareignir námu 1.411,8 millj. kr. í árslok (1.258,6 millj. kr. í árslok 2022). Eigið fé nam 1.023,7 millj. kr. í árslok (árslok 2022: 909,6 millj. kr.), þar af var óráðstafað eigið fé 771,3 millj. kr. (2022: 675,9 millj. kr.).

Eftir kynninguna var opnað fyrir umræður og spurningar og var m.a. spurt um tekjur af streymi sem koma frá erlendum systursamtökum og hvort hægt væri að hafa þær tölur skýrari í ársreikningi. Var því svarað svo, að það væri æskilegt, en að þær upplýsingar sem STEF fær í dag frá erlendum systursamtökum séu því miður ekki nægilega sundurgreinanlegar til að slíkt sé mögulegt.

Einnig var spurt um verðbréfaeign STEFs og hvernig hún væri tilkomin og var því svarað svo, að til verðbréfasjóðsins hafði verið stofnað fyrir allmörgum árum, þegar íbúð STEFs í London var seld og að þetta verðbréfasafn myndi höfuðstól *Ferðasjóðs* í dag.

Þá var spurt um tekjustofna sjóða STEFs og hvort þeir væru fastir í sömu krónutölu eða hækkuðu á milli ára. Var því svarað svo, að það væri mjög misjafnt, flestir sjóðirnir ættu sinn fasta tekjustofn, sem getur sveiflast milli ára í samræmi við innheimtu STEFs eða ávöxtun, á meðan aðrir væru m.a. myndaðir af föstu framlagi úr *Meningarsjóði STEFs*. Greint var frá því að stjórnin hefði það á dagskrá sinni að endurskoða það fyrirkomulag til samræmingar.

Sérstök athygli var vakin á því að hlutdeild kostnaðar á móti tekjum fari lækkandi milli ára, sem væri mjög ánægjulegt og spurt hvort erfitt væri að halda niðri kostnaði. Framkvæmdastjóri sagði að það væri stöðugt verkefni. Fjármálastjóri hefði t.a.m. endursamið við marga birgja um betri kjör og þá væri ljóst að laun á skrifstofu STEFs væru ekki mjög há, en að reynt væri á annan hátt að bjóða upp á aðlaðandi vinnustað.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

#### 4. Kosning fimm manna í stjórn STEFs.

Af sjö manna stjórn eru formenn aðildarfélaganna sjálfkjörnir. Það eru þeir Bragi Valdimar Skúlason og Páll Ragnar Pálsson.

Átta voru í framboði í þessi fimm sæti. Höfðu framboðin verið kynnt fulltrúaráðinu fyrirfram í samræmi við samþykktir STEFs.

Í framboði voru (í stafrófsröð):

Halldór Smáráson (TÍ)

Hallur Ingólfsson (FTT)

Hildur Kristín Stefánsdóttir (FTT)

Hrafnkell Pálmarsson (FTT)

Magnús Jóhann Ragnarsson (utan aðildarféлага)

Sóley Stefánsdóttir (FTT)

Steinar Baldursson (utan aðildarféлага)

Puríður Jónsdóttir (TÍ)

Fundarstjóri gerði grein fyrir hagsmunatengslum frambjóðenda í samræmi við samþykktir STEFs.

Frambjóðendur kynntu sig stuttlega hver og einn.

Fór því næst fram leynileg atkvæðagreiðsla samkvæmt samþykktum STEFs og var gert stutt fundarhlé á meðan hún fór fram. Að þessu sinni var kosning rafræn með aðstoð *Outcome* fyrirtækisins. Fór hún þannig fram að allir viðstaddir fengu sendan til sín rafrænan kjörseðil og lá þannig niðurstaða nánast samstundis fyrir.

Varð niðurstaðan sú að kjöri náðu þau (í stafrófsröð):

Halldór Smáráson  
Hallur Ingólfsson  
Hildur Kristín Stefánsdóttir  
Magnús Jóhann Ragnarsson  
Sóley Stefánsdóttir

Var kjöri þeirra fagnað með lófataki. Formaður fulltrúaráðsins þakkaði síðan öllum frambjóðendum fyrir að bjóða sig fram.

Að þessu loknu tilkynnti nýkjörin stjórn um varamenn sína.

Varamaður fyrir Halldór Smáráson verður Puríður Jónsdóttir.  
Varamaður fyrir Hall Ingólfsson verður Eðvarð Egilsson.  
Varamaður fyrir Hildi Kristínu Stefánsdóttur verður Steinar Baldursson.  
Varamaður fyrir Magnús Jóhann Ragnarsson verður Bergur Þórisson.  
Varamaður fyrir Sóleyju Stefánsdóttur verður Hrafnkell Pálmarsson.

Varamaður fyrir Braga Valdimar Skúlason verður Logi Pedro Stefánsson  
Varamaður fyrir Pál Ragnar Pálsson verður Bergrún Snæbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri tilkynnti síðan fundinum, í samræmi við samþykktir STEFs, um að hún sjálf hafi engar greiðslur þegið frá STEFi, fyrir utan laun og ekki sé um neinn hagsmunaárekstur að ræða á milli hennar og samtakanna.

Bragi Valdimar Skúlason og Páll Ragnar Pálsson upplýstu einnig um hagsmunatengsl sín á sama hátt.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Formaður fulltrúaráðs kynnti þá tillögu stjórnar að sömu skoðunarmenn verði kjörnir og áður: Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson. Til vara þeir Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning formanns fulltrúaráðsins

Lýst var eftir framboðum.

Sigurður Flosason bauð sig fram.

Enginn önnur framboð komu fram og var Sigurður því sjálfkjörinn í embætti formanns fulltrúaráðs næstu tvö ár.

7. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa, svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Formaður fulltrúaráðs kynnti tillögu stjórnar, sem lýtur að því að stjórnarlaunin taki breytingu skv. vísitölu, en séu að öðru leyti óbreytt.

Tillagan var eftirfarandi:

Almennir stjórnarmenn:	Kr. 814.984
Varaformaður:	Kr. 1.629.968
Formaður:	Kr. 3.259.936
Formaður fulltrúaráðs:	Kr. 407.492
Skoðunarmenn:	Kr. 143.656

Engar aðrar tillögur komu fram. Var tillagan borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Rammi um tiltekin störf STEFs.

Fulltrúaráð setti ramma á aðalfundi 2019 um tiltekin störf stjórnar STEFs, í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum STEFs 2018. Var þessi rammi sendur út með fundargögnum til fulltrúaráðs og er hann jafnframt birtur á heimasíðu STEFs. Ekki hafa komið fram tillögur til breytinga á því sem þá var ákveðið og er það því tillaga stjórnar að sami rammi verði staðfestur nú.

Var tillagan borin undir fundin og hún samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál, löglega fram borin á fundinum.

Logi Pedro kvað sér hljóðs og vildi ræða betur málefni Söngvakeppni RÚV og þá skýtnu stöðu sem kom upp varðandi mismunandi afstöðu höfunda og flytjenda sigurlagsins. Bragi Valdimar svaraði því til, að hann vissi ekki betur en að höfundahópurinn sjálfur hafi ekki verið alveg samtaka að þessu leyti og að samkvæmt því sem hann þekkti til, þá fæli samningurinn sem lagahöfundar skrifa undir við RÚV í sér ákvæði, sem að læsti höfundinn inni. Yfirlýsingar RÚV hefðu þó hugsanlega geta haft áhrif á þetta, en þegar í harðbakkann sló hafi höfundarnir ekki verið tilbúnir til að fara í harðar aðgerðir að þessu leyti. Bragi lýsti því yfir að það væri vilji STEFs að ræða þetta betur við RÚV og að fá að skoða betur þann samning sem RÚV leggur til grundvallar.

Eðvarð bætti við hvort umræða og fræðsla þegar kemur að auglýsingagerð myndi gagnast bæði auglýsingastofum og tónhöfundum og slíkt væri til þess fallið að bæði einfalda

umgjörðina og hjálpaði tónhöfundum að halda betur utan um réttindi sín. Bragi talaði um að það væri erfitt að fá auglýsingastofur til að nota íslenska tónlist. Finnist auglýsingafólki það almennt of dýrt og of mikið vesen. Á sama tíma finnst höfundum erfitt að ganga á eftir greiðslum. Þakkaði hann ábendinguna og að sjálfsagt væri að skoða þetta og þá einnig í samstarfi við útgefendur.

Í þessu sambandi var einnig nefnt að þörf væri á átaki til að fyrirtæki nýttu meira íslenska tónlist. Í því sambandi var því svarað til að þarna væru aðildarfélögin í Lykilstöðu til að beita sér, fremur en STEF.

Spurt var hvort endurgreiðsla á hljóðritunarkostnaði tæki yfir auglýsingatónlist og var því svarað til að væntanlega félli auglýsingatónlist ekki undir endurgreiðsluheimildina, nema viðkomandi verk sem væri þá tekið upp sérstaklega aftur kæmi einnig út sem eiginlegt hljóðrit.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Fundi var slitið af formanni kl. 18:30.